

**Sp.**

**515. Tillaga til þingsályktunar**

[260. mál]

um veðurfregnir.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Alexander Stefánsson, Jósef H. Þorgeirsson,  
Karvel Pálmason, Skúli Alexandersson, Tryggvi Gunnarsson,  
Stefán Jónsson, Lárus Jónsson, Salome Þorkelsdóttir, Jóhann Einvarðsson.

Alþingi ályktar að fela samgöngumálaráðherra, sem fer með yfirstjórn Veðurstofu Íslands, að beita sér fyrir því, að veðurfregnir í útvarpi verði jafnan byggðar á nýjustu upplýsingum Veðurstofunnar og útvarp þeirra verði með jöfnu millibili á þriggja klukkustunda fresti allan sólarhringinn og oftast ef sérstakrar aðvörunar er þörf. Skal stefnt að því, að þetta komi til framkvæmda í nóvember næstkomandi.

#### Greinargerð.

Á þeim áratugum, sem liðnir eru síðan tekið var til að lesa veðurfregnir í ríkisútvarpinu, má fullyrða að sá þáttur útvarpsdagskrár hefur verið einn þeirra sem mest er hlustað á. Þar eiga allir landsmenn hlut að máli, því veður snertir alla bæði til sjávar og sveita, ferðamenn, hótélstarfsfólk, útivistarfólk, sóldýrkendur, íþróttafólk sumar og vetur, iðnaðarmenn og bændur.

Atvinnuhagsmunir hinna síðasttöldu eru mjög komnir undir veðri og hið sama gildir um sjómenn, en þjónusta Veðurstofu Íslands er auk þess tvímælaust einn þýðingarmesti hlekkurinn í öryggiskeðju sæfara hér við land.

Með aukinni menntun og vaxandi þekkingu veðurfræðinga og veðurathugunarmanna, fjölgun athugana og athugunarstöðva hafa spár orðið ábyggilegri og þeir, sem njóta, eiga að geta treyst betur á þær.

Veðurstofa Íslands býr í nýlegum og rúmgóðum húsakynnum sem gefa möguleika á enn frekari framþróun og árangri í starfi sem byggt er á visindalegu starfi og tæknibúnaði nútímans.

Á Keflavíkurflugvelli er tekið á móti skýjamyndum frá bandarískum og rússneskum gervihnöttum og eru þær sendar áfram til veðurfræðinga Veðurstofunnar í Reykjavík sem nota upplýsingar, sem úr myndunum má ráða, við spár sínar.

Upplýsingar og veðurspár berast reglulega með fjarskiptum á fárra klukkustunda fresti frá fjölmörgum stöðum víðs vegar á norðurhveli jarðar sem áhrif geta haft á veðurfarið hér á Íslandi. Þessar spár eru tölvuunnar og koma því ferskar til nota á Veðurstofu Íslands.

Hér er þó galli á gjöf Njarðar, því stórar eyður eru á landgrunni Íslands og næsta nágrenni þess. Þessar upplýsingaeyður eru vegna þess að athuganir vantar frá þessum svæðum og nágrenni þeirra.

Segja má að veðurathugunarstöðvar á landi séu nægilega margar. Öll okkar stærri skip senda reglulegar veðurlýsingar til Veðurstofunnar. En áður nefndar eyður eru til og þær þarf að fylla með tiltækum ráðum.

Skal hér bent á tvær leiðir, en með því að fara báðar væri ótrúlega stórt spor stigið fram á við.

Veðurskipið Alpha, sem staðsett var um langt árabil suðvestur af Reykjanesi, var tekið úr notkun m. a. vegna mikils rekstrarkostnaðar. Í stað þess var lagt út bauju sem sendi frá sér veðurfregnir á ákveðnum tímum og gaf góða raun. Hún hefur nú verið fjarlægð, enda miklir erfiðleikar og dýrt að halda bauju botnfastri á þessu hafsvæði vegna hins mikla dýpis. Norðmenn áttu þessa bauju og ráku hana í samstarfi við okkur, en telja sig ekki hafa efni á rekstri hennar lengur.

Fagmenn telja að með gervihnöttum og nútímastaðsetningartækni séu rekbaujur það sem koma skuli á þessu sviði. Slíkar baujur eru settar út á rek á fyrir fram ákveðnum stað. Hinn sjálfvirki búnaður baujunnar sendir út veðurfregnir sínar sem fjarskiptabjónusta Veðurstofunnar tekur við um gervihnött.

Óhjákvæmilega fylgir þessu nokkur stofn- og rekstrarkostnaður, og til þess að þetta sé framkvæmanlegt þarf náð samstarf við Landhelgisgæsluna sem sjá mundi um að setja baujurnar út til reks og taka þær upp þegar þær þjóna ekki hagnýtum tilgangi lengur.

Á aðra leið hefur verið bent, m. a. á næstsiðasta Fiskipingi. Til að hún sé fær þarf að ná samstöðu meðal allra skipstjórnarmanna á fiskiskipum hér við land um að senda inn veðurlýsingu, t. d. vindátt, og vindstyrk, jafnhliða tilkynningarskyldu.

Eins og nafnið ber með sér er skylt að tilkynna staðsetningu skipa á ákveðnum tímum sólarhrings sé það utan hafnar, og eru viðurlög við ef ekki er framfylgt. Nokkuð hefur vantað á skyldurækni skipstjórnarmanna í þessum efnum. Slysavarnafélag Íslands hefur nú hafið herferð meðal skipstjórnarmanna til að benda á og skýra þýðingu þessa fyrir eigið öryggi og annarra. Hefur erindreka félagsins orðið vel ágennt í þessum efnum.

Sömu aðferð á að beita varðandi sendingu veðurfregna, komist regla þessi á, svo ekki þurfi að koma til lögboðinnar skyldu með tilheyrandi sektarákvæðum. Sú leið er þó hugsanleg með hliðsjón af því sem í húfi er, öryggi mannlífa og efnislegra vermæta.

Gott samstarf þarf einnig að takast milli Veðurstofu og stjórnenda og starfsmanna Tilkynningarskyldunnar varðandi alla framkvæmd þessa máls, svo veðurfræðingar fái allar upplýsingar sem greiðlegast. Úrvinnsla þarf að hefjast strax, ef eitt-hvað bendir til afbrigða frá fyrri spá. Dæmi má nefna frá síðustu árum um að vindhraði með sjó að sama skapi hafi skrúfast upp í ofsaveður á mjög staðbundnu svæði á örskömmum tíma og valdið bæði mannskaða og miklu eignatjóni.

Til þess að Veðurstofan geti unnið nógu fljótt úr veðurathugunum sem berast, þarf hún að eignast tölvu til úrvinnslunnar og annarrar starfsemi sinnar. Sá háttur er nú á hafður hjá sambærilegum stofnunum annarra landa — og orðið meira en tímabært hér á landi. Stórkostlegur ávinningur og til auðveldunar hafisgæslu væri að því að fá eigin móttökustöð á Veðurstofuna til að taka við veðurmyndum frá gervihnöttum.

Í grg. þessari er minnst á Veðurstofu Íslands, Landhelgisgæslu, Slysavarnarfélagið, Tilkynningarskylduna og skipstjórnarmenn sem yrðu að vera beinir aðilar að mótn og framkvæmd þess átaks sem stefna ber að.

Flm. telja að ef þáltill. eigi að ná tilgangi sínum þurfi ráðherra að ná fulltrúum allra þessara aðila til samstarfs, svo kostnaði verði haldið niðri um leið og veðurfregnir og veðurspár auki enn hag og öryggi landsmanna.